

**Nd.**

**50. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi síðustu málsgr. 4. gr. »Ollum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum« komi:

Tekjum bjargráðasjóðs, sem ekki er varið til útlána, skal koma á vöxtu í Landsbankanum.

2. gr.

Á eftir 11. gr. komi ný grein, er verði 12. gr., svo hljóðandi:

Meðan sýslunefndir og bæjarstjórnir hafa ekki gert samþykktir þær, sem um ræðir í 11. gr., skal stjórn bjargráðasjóðsins veita lán af árlegum tekjum sjóðsins, að vöxtum undanskildum, fóðurbirgðafjelögum eða öðrum löggiltum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.

3. gr.

Þar á eftir komi ný grein, er verði 13. gr. og hljóði þannig:

Fje það, er hvert bæjar- eða sýslufjelag leggur árlega í sjóðinn, skal nota til lánveitinga innan viðkomandi sýslu- eða bæjarfjelags, ásamt jafnhárri upphæð af landssjóðstillaginu það ár.

Nú koma engar eða ófullnægjandi umsóknir eitt ár eða fleiri úr einhverju sýslufjelagi, og skal þá það fje, er þannig verður afgang, lagt á vöxtu, en heimilt er að verja því síðar til útlána í sömu sýslu samkvæmt 12. gr., ásamt jafnmikilli upphæð úr þeim hluta sjóðsins, er telst sameign allra landsmanna.

4. gr.

12. gr. verði 14. gr. og fyrsta málsgrein orðist þannig:

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til þess hluta sjer eignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, sem þá er á vöxtum í Landsbankanum. Útbýting þessa fjár fer fram samkvæmt bjargráðasamþykkt hlutaðeigandi hjeraðs.

5. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 15. gr., svo hljóðandi:

Landsstjórnin semur reglugerð um lánveitingar úr sjóðnum eftir tilögum bjargráðastjórnar.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inni meginmál laga nr. 45, 10. nóv. 1913, og gefa þau út svo breytt.

#### Greinargerð.

Bjargráðasjóður Íslands nemur nú fullum 400 þús. krónum, sem ávaxtast í Landsbankanum með  $4\frac{1}{2}\%$  vöxtum. Upphæð þessi er að visu smávaxin og ófullnægjandi, ef stór harðindi af völdum jarðelda eða öskufalls dyndi yfir landið. Um bjargráðaráðstafanir gegn slíkum harðindum er tæplega að ræða aðrar en efling bjargráðasjóðsins, og að því hefir eingöngu verið snúið til þessa. Þó eru harðindi af þessum orsökum fátíð, samanborið við harðindi af völdum veðráttu og hafiss, en ennþá hefir ekkert verið gert af bjargráðastjórninni til þess að sporna við slíkum harðindum, enda ekki gert ráð fyrir verulegum framkvæmdum í því efni í bjargráðasjóðslögunum.

Búpeningur um alt Norðurland, og jafnvel Vestfirði, gæti kolfallið án þess nokkuð yrði aðgert, ef jarðbönn væru og ísar hindruðu lengi allar samgöngur á sjó á þessu svæði, þótt bjargráðasjóður Íslands ætti svo miljónum króna skifti inni í bönkunum.

Af þessu ætti það að vera augljóst, að sjóðsöfnun ein er ófullnægjandi. Það virðist því vera kominn tími til að snúa sjer að þeim tilgangi sjóðsins, sem 1. gr. bjargráðasjóðslaganna getur um, að afstýra hallæri, og þá einnig á þessu sviði. Það verður án efa best gert með því að styrkja viðleitni landsbúa sjálfra í þessa átt, bæði til sjávar og sveita, með mjög hagkvæmum lánnum. Má í því sambandi sjerstaklega nefna fóðurbirgðafjelögin, sem víða eiga örðugt uppdráttar sökum fjeleysis.